

## 64. fundursveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 25. október 2012, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Ævar Rafn Marinósson, Gunnólfur Lárusson, Reimar Sigurjónsson, Dagrún Þórisdóttir, Nanna S. Höskuldsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 10.10.2012

Lög fram til kynningar

2. Ályktanir aðalfundar Eyþings

Lagðar fram til kynningar.

3. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

- Sveitarstjóri fór yfir að búið væri að úthluta byggðarkvóta fyrir fiskveiðiárið 2012-2013. Úthlutað var á Bakkafjörð 171 þorskígildistonn og á Þórshöfn 123 þorskígildistonn. Umræða fór fram um byggðarkvótann.
- Sveitarstjóri fór yfir að komið væri bréf vegna aðalskipulags sem var lagt fram. Sveitarstjóri fór yfir athugasemdirnar í bréfinu í grófum dráttum. Bréfið verður tekið fyrir á næsta sveitarstjórnarfundum.
- Sveitarstjóri sagði frá því að búið væri að koma veg fyrir lekann í skólanum. Fór einnig yfir þær framkvæmdir sem eru í gangi í slökkvistöð og áhaldahúsi.
- Kynningarfundur verður haldinn 5. nóvember n.k. vegna sóknaráætlun sveitarfélaga 20/20. Þá mun Hólmfríður verkefnisstjóri kom og halda kynningu.
- Búið er að halda 2 vinnufundi vegna byggingar á nýjum leikskóla. Búið að vera að fara yfir málin og farið verður í næstu viku að heimsækja leikskóla á austurlandi. Það er einnig búið að ákveða að senda á íbúa sveitarfélagsins forkönnun vegna leikskólamála m.a. til að finna út hentuga staðsetningu.

4. Bréf frá Veraldarvinum dags.18.09.2012

Lagt fram til kynningar. Umræða um verkefnið. Sveitarstjórnarmenn tóku vel í að skoða þetta frekar og sveitarstjóra falið að vinna að því.

5. Bréf frá Blindrafélaginu dags. 15.10.2012

Lagt fram til kynningar

6. Fjárhagsáætlun 2013-2016 fyrri umræða.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að álagningarskrá fasteignagjalda og útsvars þar sem lagt er til að hún verði óbreytt frá því í fyrra .

- Fjöldi gjalddaga er almennt 8, sá fyrsti 1.febrúar og sá síðasti 1. september. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 20.000 þá er einungis einn gjalddagi 1. febrúar
- Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

a. Álagning útsvars fyrir árið 2013:

Lagt er til að útsvarsprósentan verði óbreytt frá fyrra ári eða 14,48%.  
Samþykkt samhljóða.

b. Gjaldskrá fasteignagjalda:

Fasteignaskattur A - Íbúðarhúsnæði og bújarðir eru 0,625% af heildarálagningarstofni.

Fasteignaskattur B - Sjúkrastofnanir, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttarhús og bókasöfn eru 1,32 % af heildarálagningarstofni.

Fasteignaskattur C - Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði eru 1,65% af heildarálagningarstofni.

Samþykkt samhljóða.

c. Lóðarleiga:

Lóðarleiga A - lóðarleiga er 1,5% af fasteignamati lóða fyrir íbúðarhús.

Lóðarleiga B - lóðarleiga er 2,5% af fasteignamati lóða fyrir atvinnuhúsnæði og opinberra bygginga.

Samþykkt samhljóða.

d. Vatnsskattur:

A - Vatnsskattur er 0,30% af heildarálagningarstofni.

B - Aukavatnsskattur er kr. 34 pr. m<sup>3</sup> vatns.

Samþykkt samhljóða.

e. Holræsagjald

Holræsagjald er 0,225% af heildarálagningarstofni.

Samþykkt samhljóða

f. Sorphreinsunargjöld:

Sorphreinsunargjald heimila kr. 15.000,- á íbúð.

Sorpeyðingargjald heimila kr. 15.000,- á íbúð.

Samþykkt samhljóða

Sveitarstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun Langanesbyggðar A og B hluta. Mikil umræða fór fram um drögin. Stefnt á sér vinnufund vegna fjárhagsáætlunnar fyrir árin 2013-2016.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl 18:47